



**Ræða**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**á hátíðarsamkomu**  
**vegna 30 ára afmælis gosloka**  
**Vestmannaeyjum**  
**5. júlí 2003**

Ágætu Vestmannaeyingar  
Heiðruðu hátíðargestir

Við höfum löngum dásamað náttúru landsins, sungið henni lof í ljóðum, dáðst að tign fjallanna sem skera sjóndeildarhringinn, horft yfir úfið hraun og litið til jökla í fjarska. Sú ættjarðarást sem við eigum er bundin fegurðinni sem öflin í iðrum jarðar hafa skapað í aldanna rás.

En við vitum líka að náttúra Íslands á sér aðra ásjónu, annan ham, og oft hefur hún búið íbúum landsins örlög grimm; þjóðin þurft að gjalda búsetuna dýru verði.

Skjálftar skekja hús og rista djúpar rákir í gróna velli, ofsarok á miðum úti og bylgjur ber við himin, jörðin opnast og eldhraun streymir fram með ógnarhraða, logi brennur yfir byggð.

Vestmannaeyjar hafa á okkar tímum orðið sá örlagavöllur þar sem allt þetta kemur saman: fegurð Íslands, einstæð og upphafin, jafnt á sumarmorgni sem vetrarkvöldi, máttur Ægis og kraftur eldsins sem undir býr, en umfram annað dugur fólksins, samheldni á þrautarstund, löngun til að sækja fram, sigurvilji sem færði bænum aftur iðandi mannlíf.

Eldgosið í Vestmannaeyjum var sömu ættar og mestu hamfarir náttúrunnar sem um getur í þúsund ára sögu Íslands, en líka viðburður á heimsvísu, frétt sem fór um allar álfur.

Áður en gosið varð í Heimaey voru Skaftáreldar fyrir 200 árum ætíð nefndir, en þeir eyddu víða byggð og skópu Móðuharðindin, eitt helsta harðræði sem þjóðin hafði kynnst. Einnig nefndu fróðir menn viðburði frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar, gosið í Öræfajökli 1362 þegar fimmtíu bær

lögðust í eyði, og hamfarirnar í Eldgjá á banaári Haralds hárfagra, nærri lokum landnámstíðar.

Samfelld söguvið Íslandsbyggðar, frá upphafi til okkar daga, er hið eina sem hæfir þegar örlagastundir Vestmannaeyja fyrir þrjátíu árum eru metnar. Gosið sjálft var áminning um hve lítið var vitað um öflin sem búa í iðrum jarðar. Helgafell hafði sofið í 5000 ár og mörg voru ungmennin í skólum landsins sem nefnt höfðu Helgafell þegar spurt var um dauð eldfjöll og fengið að sjálfsögðu plús fyrir því kennarar og fræðimenn voru líka á sömu skoðun.

Svo gerðist það á einni nóttu að fjallið opnaðist, var rist í sundur með heljarafli og eldglæringar lýstu næturhúmið. Á þeirri stundu hófst hin erfiða þolraun ykkar byggðar, sú hin mesta sem nokkur bær á landi hér hefur orðið að sæta, einstæð í sögu þjóðar og úrslitin afrek sem allur heimurinn fylgdist með.

Það voru margir um landið allt sem felldu tár þegar hugsað var með samúð til þeirra sem hér stóðu og horfðu á húsin sín brenna, sáu aleiguna fuðra upp, allt sem geymdi minningar fjölskyldunnar að engu orðið, leikföng barna, erfðagripir, handverk ömmu, smíði afa, myndir frá sjósókn og merkisdögum; eldhafið, logandi hraunið, glóandi steinkast hlífðu engu.

Bátarnir sem áður báru björg í bú voru fullir af fólki sem varð að flýja til lands, nagandi angist í hverri sál; óvíst hvort nokkurn tíma yrði snúið aftur til heimabyggðar. Það var vissulega mikil blessun og mildi að enginn skildi týna lífi en djúp voru sárin sem reynslan markaði í hugum flestra.

Vestmannaeyingar áttu kraft sem dugði til að bjóða eldinum byrginn, samhug og vilja sem í fólkinu bjó, æðruleysi og baráttuþrek sem strax á fyrstu dögum herti sigurvilja og síðan óx hann með hverri viku. Það sneru allir bökum saman og gengu á hólmi við vágestinn í túnjaðrinum.

Einingarbönd ættingja, vina og vandalausra gerðu fólkinu kleift að eignast til bráðabirgða skjól uppi á landi og þótt Vestmannaeyingar væru komnir á víð og dreif þá var heimabyggðin samt áfram heil því hún bjó í hugum íbúanna. Eðalkostir eyjaskeggja urðu uppspretta sem gaf baráttunni samhentan vilja, eina sál – enda samstaðan sæbarin og hert í aldaglímu við Ægi konung.

Vestmannaeyingar neituðu að jata sig sigraða, sýndu einstakt þrek og þolgæði sem athygli vakti víða um lönd, enda barst aðstoð skjótt frá frændum og vinum á Norðurlöndum. Við þökkum hana á ný hér í dag og höldum nú hátíð barnanna sem var boðið utan til að létta þeim lífið.

Þótt Vestmannaeyingar væru dreifðir uppi á landi og ærið langt á milli manna slitnaði aldrei taugin ramma og þjóðin öll var sem einn maður í vilja sínum að leggja lið. Þegar mest á reyndi sýndu eyjaskeggjar þá eiginleika sem Íslendingum hafa reynst dýrmætastir, hafa verið og munu verða um alla framtíð.

Þjóðin stendur því í mikilli þakkarskuld við ykkur öll fyrir fordæmið sem þið gáfuð, fordæmi sem vitnað verður til öldum saman, einkum þegar á ný um ókomin ár þarf að sækja afl til að sigrast á erfiðum þrautum. Þá verður jafnan vitnað til Vestmannaeyja. Þar lét fólkið ekki undan síga heldur stóð saman í baráttunni, tókst um síðir að beisla eldinn, dældi sjó á logandi hraunið, hafði snilli til að tefla einu náttúruafli gegn öðru og hafa sigur; fá í verðlaun betri höfn, forða því að lokað yrði fyrir lífsbjörgina.

Eyjaskeggjar sneru aftur og hófu að reisa byggð úr rústum, láta aflvélar atvinnulífsins snúast á ný, já, virkjuðu jafnvel vágestinn sjálfan og lögðu heitt vatn í húsin. Goslokin urðu því sigurhátíð, sigurhátíð eyjabúa, vitnisburður um að aflið sem í fólkinu bjó reyndist sá kraftur sem dugði.

Þess vegna verður eldgosíð í Vestmannaeyjum ekki aðeins um alla framtíð meðal stórviðburða í annálum um náttúru Íslands. Það verður ætíð vitnisburður um þá höfuðkosti sem Íslendingum hafa dugað best og afrek ykkar í Vestmannaeyjum sönnun þess hvað hægt er að gera.

Á hátíðinni hér í dag minnumst við allra þeirra sem þá komu að brýnum verkum, þökkum fórnfýsi þeirra og einstakt framlag. Margir úr sveit þessa hugprúða fólks eru hér með okkur í dag og ég legg til að við þökkum þeim með kröftugu lófataki.

Við minnumst líka með djúpri virðingu þeirra sem látnir eru og vitum að minning þeirra verður hér blessuð um aldur og ævi.

Ég færi ykkur í dag árnaðaróskir Íslendinga og óska Vestmannaeyjum allra heilla á ókomnum árum. Um leið læt ég í ljós þá einlægu ósk að þegar eldhafið í iðrum Íslands ógnar í framtíðinni byggðum og jafnvel lífi íbúanna þá sæki þjóðin þrek og vilja í samstöðuna sem hér var sýnd fyrir þrjátíu árum.

Á þann hátt mun baráttan í Vestmannaeyjum ætíð verða Íslendingum verðmætt veganesti.